

Nafnanefnd

Fundargerð

19. ágúst 2021

54. fundur, haldinn að Borgartúni 14, 19. ágúst 2021, kl. 11:00.

Á fundinn mættu: Ármann Jakobsson, Guðrún Kvaran, Ásrún Kristjánsdóttir og Nikulás Úlfar Másson. Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnisstjóri hjá skipulagsfulltrúa mætti á fundinn og mun sitja fundi Nafnanefndar.

Þetta gerðist:

Skerjafjörður

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir því við nafnanefndina að gera tillögur að nöfnum gatna í nýrri byggð í Skerjafjörði. Tillögur frá 53. fundi nefndarinnar.

Lögð eru til eftifarandi nöfn, sjá nánari staðsetningu á korti:

Andvaranes, Otursnes, Reginsnes og nýtt torg fái nafnið Igðutorg.

Ártúnshöfði

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir því við nafnanefndina að gera tillögur að nöfnum gatna í nýrri byggð á Ártúnshöfða, svæði 1.

Lögð eru til eftifarandi nöfn, sjá nánari staðsetningu á korti:

Stálhofði, Steinhöfði og nýr garður fái nafnið Iðjugarður.

Orkureitur

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir því við nafnanefndina að gera tillögur að nöfnum gatna í nýju deiliskipulagi fyrir Orkureit, milli Suðurlandsbrautar, Grensásvegar og Ármúla.

Lögð eru til eftifarandi nöfn, sjá nánari staðsetningu á korti:

Dalsmúli, Blámúli, Barðmúli, Lautarmúli og nýtt torg fái nafnið Múlatorg.

Annað

Nafnanefnd var beðin um að leggja til nafn á hliðarveg við Vesturlandsveg, milli Brimness og Kjalarsness.

Lagt er til að vegurinn verði nefndur **Hofsvíkurvegur**.

Nafnanefnd var beðin um að leggja til nafn á veg sem liggur frá Þingvallavegi og upp í skíðaskála og loftskýtamastur á Skálafelli.

Lagt er til að vegurinn verði nefndur **Skálafellsvegur**.



Nikulás Úlfar Másson
Byggingarfulltrúi